

177 endurgreiddar af hækkuðu verðjöfnunargjaldi af umræddri tegund á næsta verðjöfnun-
29. des. unartímabili.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptamálaráðuneytinu. Enn fremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

8. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni, sbr. lög nr. 23 15. marz 1954, öðlast gildi 1. janúar 1957. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 132 15. júlí 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. desember 1956.

Lúðvík Jósepsson.

Yngvi Ólafsson.

178

31. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 19 29. febr. 1956, um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

3. töluliður orðist svo:

Árið 1957 skal í janúar greiða upp í iðgjöld samkv. 27. gr. laga nr. 24 1956, um almannatryggingar, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 400.00
Ógiftar konur	— 300.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 300.00
Ógiftar konur	— 225.00

5. töluliður, síðari málsg., orðist svo:

Frá 1. janúar 1957, þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu iðgjöld samkv. 29. gr. laga nr. 24 1956, um almannatryggingar, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 9.68 á viku.
Á 2. —	— 7.53 — —

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkv. lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar, og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.